



**BORGARBYGGÐ**

## **Vafrakökustefna fyrir vefsíðu Borgarbyggðar**

Heimasíða Borgarbyggðar notar vafrakökur til að tryggja sem besta upplifun af síðunni fyrir notendur. Kökurnar má flokka í fernt; nauðsynlegar, frammistöðu- og virkniauðgandi, tölfræðilegar, markaðssetning.

Vafrakökur eru upplýsingapakkar, sem netvafrar vista að beiðni vefþjóna. Þegar vafrinn biður seinna sama vefþjón um vefsíðu er kaka send til þjónsins með beiðninni. Vefþjóninn getur þá notað þessar upplýsingar frá vafranum til frekari vinnslu. Kökur geyma oft upplýsingar um stillingar notanda, tölfræði heimsóknna, auðkenni innskráðra notanda o.fl. Kökur eru einnig oft nauðsynlegar til að geta boðið upp á ýmsa virkni og koma í veg fyrir árásir tölvuþrjóta. Vafrinn eyðir kökunni þegar líftími hennar rennur út. Hver kaka er bundin við þann vefþjón sem sendir kökuna, aðeins sá vefþjónn fær að sjá kökuna. Ef þú ert ekki ánægð/ur með notkun á kökum á vefsíðunni getur þú lokað á þær eða eytt úr vafranum þínum. Þó ber að hafa í huga að slíkt getur hamlað virkni vefsíðunnar.

## Notkun á vafrakökum

Sveitarfélagið notar vafrakökur til mælinga á heimsóknum á heimasíðu þess og er umferðin á vefnum mæld með Google Analytics. Þær upplýsingar eru einungis notaðar til þess að bæta þjónustu við notendur.

Upplýsingar varða umferð notenda á vef Borgarbyggðar, hvaða upplýsingum leitað er að, hvaða síður eru mest heimsóttar, út hvers konar miðlum vefurinn er heimsóttur, frá hvaða vef er komið og gerð vafra og stýrikerfis.

Engar tilraunir eru gerðar til að tengja heimsókn við persónugreinanlegar upplýsingar.

## Annað

Vefsíða Borgarbyggðar er hýst af vefþjónustufyrirtækinu Stefna ehf. og vefsíður í vefumsjónarkerfi fyrirtækisins nota einungis þjónustu til að tryggja virkni vefsins og eðlilega starfsemi hans.

Það er stefna Borgarbyggðar að nota vafrakökur sparlega og upplýsingum er ekki miðlað til annarra nema samkvæmt lagaskyldu til eftirlitsaðila.

## Texti fyrir heimasíðuna

Þessi vefsíða notar vafrakökur til að tryggja sem besta upplifun af síðunni fyrir notendur. Kökurnar má flokka í fernt; nauðsynlegar, frammistöðu- og virkniauðgandi, tölfraðilegar, markaðssetning.

Vafrakökur eru upplýsingapakkar, sem netvafrar vista að beiðni vefþjóna. Þegar vafrinn biður seinna sama vefþjón um vefsíðu er kana send til þjónsins með beiðninni. Vefþjónninn getur þá notað þessar upplýsingar frá vafranum til frekari vinnslu. Kökur geyma oft upplýsingar um stillingar notanda, tölfraði heimsókna, auðkenni innskráðra notanda o.fl. Kökur eru einnig oft nauðsynlegar til að geta boðið upp á ýmsa virkni og koma í veg fyrir árásir tölvuþrjóta. Vafrinn eyðir kökunni þegar líftími hennar rennur út. Hver kaka er bundin við þann vefþjón sem sendir kökuna, aðeins sá vefþjónn fær að sjá kökuna. Ef þú ert ekki ánægð/ur með notkun á kökum á vefsíðunni getur þú lokað á þær eða eytt úr vafranum þínum. Þó ber að hafa í huga að slíkt getur hamlað virkni vefsíðunnar.

Engar kökur bjóða upp á sérsniðnar auglýsingar. Borgarbyggð safnar ekki upplýsingum í markaðslegum tilgangi, hvorki til að selja auglýsingar eða nota í hagnaðarskyni. Sveitarfélagið notar vafrakökur til mælinga á heimsóknum á heimasíðu þess og er umferðin á vefnum mæld með Google Analytics. Þær upplýsingar eru einungis notaðar til þess að bæta þjónustu við notendur.

Upplýsingar varða umferð notenda á vef Borgarbyggðar, hvaða upplýsingum leitað er að, hvaða síður eru mest heimsóttar, úr hvers konar miðlum vefurinn er heimsóttur, frá hvaða vef er komið og gerð vafra og stýrikerfis.

Engar tilraunir eru gerðar til að tengja heimsókn við persónugreinanlegar upplýsingar.

Vefsíða Borgarbyggðar er hýst af vefþjónustufyrirtækinu Stefna ehf. og vefsíður í vefumsjónarkerfi fyrirtækisins nota einungis þjónustu til að tryggja virkni vefsins og eðlilega starfsemi hans.

Það er stefna Borgarbyggðar að nota vafrakökur sparlega og upplýsingum er ekki miðlað til annarra nema samkvæmt lagaskyldu til eftirlitsaðila.

Ef notandi óskar eftir að koma athugasemdum um notkun á vafrakökum á framfæri, skal þeim komið til Borgarbyggð með tölvupósti á [borgarbyggd@borgarbyggd.is](mailto:borgarbyggd@borgarbyggd.is).

*Samþykkt af sveitarstjórn 11. nóvember 2021*